

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stolt Sea Farm Iceland hf. Reykjanesi



Dags eftirlits	12.7.2022	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Stolt Sea Farm Iceland hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Vitabraut 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6109110480	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Bryndís Jónasdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Daniel M. F. Fernandes	Staðsetning	N63 49,54 V22 42,56

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti en engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Fyrir lá að skoða fiskeldi Stolt Sea Farm, Vitabraut 7 í Reykjanesbæ.

Starfsleyfið er frá árinu 2012 en breytt árið 2021. Heimilt er að framleiða allt að 2000 tonn á ári af senegalflúru og gullinrafa.

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Bryndís Jónasdóttir og Daniel M. F. Fernandes frá Stolt Sea Farm og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

- Farið yfir eldra frávik vegna styrju (2019) og síðasta árs.
- Rekstraraðili fer yfir stöðu rekstursins og hreinsikerfa fiskeldisins.
- Olíumannvirki. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.
- Kröfur í starfsleyfi
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2022
- Önnur mál, atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Frávik frá árinu 2019 (nr. 2019-1694) snéri að því að styrja hefur verið alin í stöðinni án leyfis. Samþykkt úrbótaáætlun rekstraraðila gerði ráð fyrir því að styrjan yrði seld óskildum aðila með starfsleyfi sem leyfði styrjueldi. Styrjan var flutt burt úr stöðinni í apríl 2022 og eftirfylgni Umhverfisstofnunar lauk með málslokabréfi UST202004-186 frá 5. maí 2022.

Frávik síðasta árs (nr. 2021-2004) sem snýr að losun fosfórs í frárennsli umfram losunarheimildir. Fram kom í eftirlitsskýrslu síðasta árs að óvenjuhár fódurstuðull hafi orsakað losun á fosfór um 24 kg / tonn.

Við skoðun á gögnum rekstraraðila reyndist losun fosfórs undir losunarmörkum eða 16 kg/tonn af framleiddum fiski. Frávikinu er því lokað.

Öðru frávik síðasta árs (nr. 2021-2005) um gagnaskil var lokað í síðustu skýrslu þar sem gögnin bárust.

Öllum eldri frávikum rekstraraðila hefur því verið lokað.

2. Um 250 tonn af fiski var í stöðinni þegar komið var í eftirlit. Framleiðsla síðasta árs var um 350 tonn af senegalflúru, um 1,8 tonn af styrju og um 500 kg af gullinrafa. Ýmsar tegundir fódurs voru notaðar og var fódurstuðull 1,5.

Rekstraraðili nýtir affall frá HS Orku, eða um 14 milljónir rúmmetra af heitum sjó og um 5 milljónir rúmmetra af köldum sjó (sjá grænt bókhald fyrir 2021). Einnig nokkuð magn af köldu fersku vatni.

Frárennsli eldisins fer inn á lögn HS Orku og í sjó við brimasama strönd. Engin hreinsun er í frárennslinu, einungis ristar sem eru ætlaðar til varnar slyasleppingum. Á meðan ekki verður vart uppsöfnun efna við útrásina og magn fosfórs í frárennslinu er undir 20 kg / tonn af framleiddum fiski er ekki gerð krafa um hreinsun frárennslisvatnsins.

3. Olíugeymir (1900 ltr.) við varaafsstöð stöðvarinnar er nú kominn á skrá hjá Umhverfisstofnun. Upplýsingum um olíugeyminn verður komið á framfæri við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesjasvæðis.

4. Samkvæmt starfsleyfi skulu eftirfarandi fjórar skriflegar áætlanir liggja fyrir í starfsstöðinni; *áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar* (gr. 1.5), *neyðaráætlun* (gr. 4.5), *viðbragðsáætlun* (gr. 4.4) og *vöktunaráætlun* (gr. 5.1). Ekki eru gerðar athugasemdir við áætlanir.

Á þriggja ára fresti skal taka sýni úr frárennsli. Mæla skal svifagnir og TOC (eða COD). Ekki er gerð krafa um mælingar á heildarfósfór né heildarköfnunarefni, en fylgjast skal með losun næringarefna með því að reikna losunina út frá innihaldi fódurs og upptöku næringarefna í eldinu (formúla Wang et.al.)

Árlega tekur rekstraraðili saman ársyfirlit og færir grænt bókhald og útstreymisbókhald, og sendir til Umhverfisstofnunar. Ársyfirlit barst eftir 1. maí sl. sem er frávik frá kröfum í starfsleyfi en frávikinu er lokað þar sem ársyfirlitið barst 9. maí sl. Grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust 27. apríl sl. sem er í samræmi við reglugerðir

og kröfur í starfsleyfi.

Skráningar rekstraraðila eru fullnægjandi og í samræmi við starfsleyfi. Vel er haldið utan um skráningar á þjálfun starfsmanna.

Umgengni við úrgang og spilliefni er ágæt. Geymsla efna er fullnægjandi, bæði lekabyttur og efnageymslur. Varúðarmerkingar eru til staðar ásamt öryggisblöðum. Dauðfiskur fer til Ice Fish ehf. (áður Skinnfisks ehf.) í dýrafóður. Pokar undan fóðri fara í endurvinnslu og almenn móttaka úrgangs er á höndum HP gáma.

5. Reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit nr. 550/2018 kveður á um að Umhverfisstofnun skuli gera áhættumat á fyrirtækjum sem farið er í eftirlit til, og nota áhættumatið til þess að ákveða tíðni eftirlita.

Farið var yfir áhættumat stöðvarinnar með starfsfólki sem var viðstatt eftirlitið. Niðurstöður munu ekki liggja fyrir en öllum eftirlitum í sambærilegum fiskeldum er lokið og þá mun verða gefið út skipulag eftirlits stofnunarinnar hjá fiskeldisfyrirtækjum á næsta ári (2023).

6. Engar kvartanir hafa borist og engin slys né önnur óhöpp orðið síðan síðast var komið í eftirlit. Í gildi er ábyrgðartrygging vegna bráðamengunar.

Farið var í skoðun á stöðinni. Farið um eldishús fyrir senegalflúru og gullinrafa og skoðuð útiker (tóm) þar sem styrja var áður alin. Skoðuð varaafstöð svo og efnageymsla í gámi utandyra. Ekki voru gerðar athugasemdir.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í 2. gr. reglugerðar nr. 990/2008 um Upplýsingum ber að skila fyrir 1. maí ár hvert. Útstreymisbókhald barst of útstreymisbókhald og kröfur í starfsleyfi. seint. Gögnin bárust 9. maí sl. og er frávikin því lokað.


ÁBENDINGAR

Engar ábendingar voru gerðar.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.08.2022



Gottskálk Friðgeirsson

